



Rýmingaráætlun vegna Jarðskjálfta

Í skólanum eru nokkrir útgangar: Aðalinngangur á norðurhlið, útgangur vestast á neðstu hæð í vesturálmum, útgangur úr sal á vesturvegg, útgangur í vestur beint á móti nemendaaðstöðu, útgangur austast úr verknámsal. Neyðarútgangur er vestast (innst) úr öllum göngum vesturálmum, í risi er neyðarútgangur (fellingistigi) austast frá vinnustofu kennara, sami stigi er notaður austast frá bókasafni, neyðarútgangur (fellingistigi) er um glugga austast í kaffistofu kennara og á neðstu hæð eru neyðarútgangar um glugga í kennslustofum.

Leiðbeiningar um flóttaleiðir hanga uppi í öllum rýmum skólans.

Ef nauðsynlegt er að yfirgefa skólann vegna jarðskjálfta hafið þá eftirfarandi í huga:

1. Kennarar/starfsmenn meta aðstæður í þeim rýmum sem þeir eru og taka ákvörðun um flóttaleið og ákveða hver fer fyrstur og hver síðastur til að hafa yfirsýn yfir hópinn þannig að enginn gleymist, hver kennari sér um að telja sinn hóp áður en farið er af stað og aftur eftir að komið er á söfnunarstað (kennari hefur með sér mætingarkladda ef mögulegt er)
2. Húsvörður og þeir starfsmenn sem ekki eru við kennslu þá stundina sjá um rýmingu í sal, nemendaaðstöðu og snyrtingum.
3. Notið **helst aðalútganga ef mögulegt er**, athugið að neyðarstigir geta hafa skaddast þó það sjáist ekki strax.
4. Notið **ekki** fellingistigana nema aðrar leiðir séu ófærar.
5. **Ekki hlaupa** niður stiga og notið **alls ekki lyftu** þegar yfirgefa þarf skólann.
6. Skiljið allt skóladót eftir inni í kennslustofum eða þar sem það er ekki í gangvegi eða fyrir flóttaleiðum.
7. **Söfnunarstaður er á malarvellinum framan við skólann**, þar fer kennari yfir hvort ekki hafi allir skilað sér sem lögðu af stað, ef einhver vantar þarf að fá upplýsingar um hvar viðkomandi sást síðast og koma þeim upplýsingum til skólameistara sem hefur yfirumsjón með aðgerðum.
8. Hafi einhver slasast, orðið fyrir meiðslum eða andlegu áfalli skal þegar hlúð að viðkomandi, áfallateymi skólans og hjúkrunarfræðingur hafa umsjón með því.
9. Enginn hefur heimild til að fara aftur inn í skólann nema í samráði við skólameistara.

Takið aldrei óþarfa áhættu, hugsið fyrst og fremst um öryggi nemenda og ykkar eigið.